# FRÉTTABLAÐIÐ

293. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 16. DESEMBER 2019

Skíðafólki til óblandinnar gleði var skíðasvæðið í Bláfjöllum opnað nú um helgina í fyrsta skipti á þessum vetri. Ekki spillti veðrið fyrir, því þótt frostið biti í kinnarnar var bjart yfir og fallegt um að litast. Samkvæmt upplýsingum á vef skíðasvæðisins eru þó ekki allar skíðaleiðir opnar enn. „Kóngurinn og niður öxlina er klár og Töfrateppið, Kaðallinn og önnur barnalyftan við Bláfjallaskálann. En á suðursvæði er Jón Bjarni opinn, Kormákur afi og Mikki refur," eins og segir á síðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



# Lögreglu aftur gert að rannsaka Hval

**Ríkissaksóknari hefur nú í þriðja sinn lagt fyrir Lögregluembættið á Vesturlandi að rannsaka grun um refsiverða háttsemi hjá Hval hf. með því að langreyðar hafi ekki verið verkaðar þar samkvæmt reglugerð. Ráðherra breytti reglugerðinni að beiðni Hvals.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari telur að hvalveiðifyrirtækið Hvalur hf. hafi brotið reglur um vinnslu og heilbrigðiseftirlit á þriggja ára tímabili. Jónas Ottósson, lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á Vesturlandi, staðfestir að málið sé nú í rannsókn hjá embættinu.

Málið hófst í ágúst árið 2018 með kæru til Ríkissaksóknara frá náttúruverndarsamtökunum Jarðarvinum sem töldu verkun Hvals hf. á langreyðarkjöti í ósamræmi við reglugerð með því að hvalur væri skorinn utandyra en ekki undir yfirbyggingu.

Hvalveiðar lágu niðri 2016 og 2017 en á síðasta ári breytti Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra reglugerðinni og felldi út skylduna til yfirbyggingar. Það ár sendi Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf., ráðherranum bréf og bað um að reglugerðinni yrði breytt.

> **Er að áliti Ríkissaksóknara uppi grunur um refsiverða háttsemi af hálfu kærða.**
>
> Úr skjali frá Ríkissaksóknara

Ríkissaksóknari fól Lögreglunni á Vesturlandi að rannsaka yfirbyggingarþátt málsins en lögreglustjóri hætti rannsókn í desember árið 2018 og vísaði til þess að MAST færi með eftirlitið. Ríkissaksóknari felldi þá ákvörðun úr gildi og fól lögreglustjóra að halda áfram rannsókn. Lögreglustjóri hætti rannsókn aftur í júlí en Ríkissaksóknari hafnaði rökum fyrir því og lagði fyrir lögreglustjórann á ný að ljúka rannsókninni. Segir Ríkissaksóknari að uppi sé grunur um refsiverða háttsemi af hálfu Hvals hf. – khg / sjá síðu 6

## Ákall ljóðanna

**MENNING** „Læknastörf gefa ekki mikinn tíma en þetta springur svona út á milli og þá verður það að fá að springa út. Þetta kallar á mig, svo einfalt er það," segir Hlynur Níels Grímsson læknir sem sendir frá sér sína fyrstu ljóðabók, Veikindadaga. – ds / sjá síðu 20

## Rafmagn komið á að mestu á ný

**ÓVEÐUR** Samkvæmt upplýsingum frá RARIK eru svo til öll heimili á veitusvæði fyrirtækisins komin með rafmagn að nýju eftir óveður síðastliðinnar viku. Margir eru þó tengdir varaafli.

Truflanir voru í aðveitustöð í Hrútatungu og búist var við frekari truflunum þar síðastliðna nótt á meðan menn hreinsa tengivirkið. RARIK mælist til að notendur sem tengdir eru varaafli spari rafmagn eins og kostur er.

Fram kemur að enn sé nokkuð um bilanir í dreifikerfi sem nokkra daga muni taka að lagfæra og búast megi við rafmagnstruflunum á meðan það ástand varir. Einnig sé viðbúið að taka þurfi upp skömmtun á rafmagni þegar atvinnulíf fer í gang á þessum svæðum eftir helgina. – jþ

## Veður




Norðlæg átt, 5-13 m/s. Él norðan- og austanlands, en bjart með köflum annars staðar. Frost 0 til 6 stig. Bætir í ofankomu norðan til og hlýnar undir kvöld. SJÁ SÍÐU 18

**Skólamáltíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Frítt að borða í grunnskólanum

**HELLA** Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samhljóða samþykkt tillögu minnihluta Á-listans um um gjaldfrjáls mötuneyti fyrir nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins frá og með næstu áramótum.

„Segja má að þessi tillaga sé einhvers konar framhaldstillaga frá því fyrir ári síðan þegar Á-listinn lagði fram sömu tillögu og fékk samþykkta helmings lækkun á verði mötuneytis til nemenda grunnskólanna. Nú leggur Á-listinn til að skrefið verði stigið til fulls," segir í greinargerð með tillögunni. Kostnaðurinn hafi áður verið greindur og að auðvelt eigi að vera að uppfæra tölurnar. **– gar**

## Fjöldi skjálfta á Reykjanesi

**JARÐSKJÁLFTI** Nokkur skjálftavirkni var á Reykjanesi í gær. Alls voru fimm skjálftanna yfir þremur að stærð, sá fyrsti þeirra laust fyrir klukkan 8 í gærmorgun, að því er fram kemur á vef Veðurstofu Íslands. Verulegur fjöldi minni skjálfta varð og voru upptök skjálftavirkninnar suðaustur af Fagradalsfjalli. Fjallið stendur á vestanverðum Reykjanesskaganum um miðja vegu á milli Grindavíkur og Kleifarvatns og er 385 metrar á hæð. **– þb**

## Listir á svelli

**Yngstu iðkendurnir í listhlaupadeild Fjölnis mættu á Novasvellið á Ingólfstorgi í gærkvöldi og léku þar við hvernig sinn fingur vegfarendum til yndisauka. Undir sungu stórsöngvararnir Valdimar og Sigríður Thorlacius. Til þess að geta skautað á Ingólfstorgi á þessum þriðja sunnudegi í aðventu var hefðbundinni æfingu í gær aflýst. Í staðinn mætti hópurinn í jólapeysum og með jólasveinahúfur í miðbæinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Neikvæð afkoma á þriðja ársfjórðungi

**EFNAHAGSMÁL** Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 5,5 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Það samsvarar 0,7 prósentum af vergri landsframleiðslu.

Frá sama tímabili í fyrra jukust tekjurnar um 3,4 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Heildarútgjöld jukust um 5,9 prósent á 3. ársfjórðungi 2019 en um 7 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2018.

Stærsti útgjaldaliður hins opinbera er launakostnaður sem er um þriðjungur af heildarútgjöldum. Þá jukust félagslegar tilfærslur til heimila um tæplega 28 prósent. Má þá aukningu að mestu rekja til útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Fram kemur að fjárfesting hins opinbera dróst saman um 3,7 prósent fyrstu níu mánuði ársins. **– þb**

# Vatnaskil í dómsmáli um Söknuð fyrir jólin

**Mikilvæg tímamót verða í lagastuldarmáli Jóhanns Helgasonar fyrir jól er dómari í Los Angeles úrskurðar um frávísunarkröfu tónlistarfyrirtækja sem Jóhann stefnir. Er lögmenn málsaðila mættu fyrir dómarann 6. desember sagði hann að um dæmigert mál fyrir kviðdóm væri að ræða.**

**Jóhann Helgason á heimili sínu á Seltjarnarnesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**DÓMSMÁL** Yfirlýsing dómara við upphaf fyrirtöku í lagastuldarmáli Jóhanns Helgasonar í Los Angeles fyrir tíu dögum vekja aukna bjartsýni í herbúðum Jóhanns um að málið haldi áfram í sama farvegi en verði ekki vísað frá eins og lögmenn andstæðinga hans krefjast.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sagði dómarinn, Andre Birotte Jr., að honum sýndist um að ræða dæmigert mál þar sem sérfræðingar takist á og kviðdómur þurfi að skera þar úr um. Sem er einmitt það sem Jóhann vill að verði en þeir sem hann stefnir í málinu vilja koma í veg fyrir.

Tónlistarsérfræðingur sem vann sérfræðiálit fyrir Universal Music, Warner Music, Peermusic og UMG Recording sagði engin líkindi milli lags Jóhanns, Söknuðar, og lagsins You Raise Me Up eftir Rolf Lovland og Brendan Graham. Þess vegna segja lögmenn þessara fyrirtækja að vísa beri málinu frá. Komið hefur fram að Judith Finnel, tónlistarfræðingur sem Jóhann réði, komst að þveröfugri niðurstöðu.

Tal E. Dickstein, lögmaður áðurnefndra fyrirtækja, kom sérstaklega frá New York til að vera við fyrirtöku málsins 6. desember. Krafðist hann þess að dómarinn úrskurðaði að í málinu væri ekki hægt að styðjast við greinargerð Judith Finnel. Þá óskaði hann þess að fá að leggja fram nýja 25 síðna greinargerð í málinu sem dómarinn hafnaði umsvifalaust.

Von er á úrskurði dómarans um frávísunina fyrir jól. Vísi hann málinu ekki frá má búast við því að samhliða taki hann afstöðu til kröfu lögmanns Jóhanns, Michaels Machat, um að höfundar You Raise Me Up fái á sig svokallaðan útivistardóm þar sem þeir hafa í engu brugðist við þótt þeim hafi verið löglega stefnt.

Jóhann segir að það kæmi honum mikið á óvart ef dómarinn vísar málinu frá. Hann rifjar upp ráðgefandi álit óháðs lögmanns í London, svokallaðs barristers, frá árinu 2008 sem kvaðst viss um að dómari kæmist að þeirri niðurstöðu að um lagastuld væri að ræða.

> **Það væri gjörsamlega á skjön við allt sem sérfræðingar hafa sagt hingað til.**
>
> Jóhann Helgason, tónlistarmaður

„Það væri gjörsamlega á skjön við allt sem sérfræðingar hafa sagt hingað til," segir Jóhann. Verði niðurstaðan honum í hag geti málareksturinn haldið áfram eftir tafir vegna frávísunarkröfunnar. Það yrði þó ekki fyrr en í desember á næsta ári sem sjálf réttarhöldin færu fram fyrir kviðdómi.

**gar@frettabladid.is**

+PLÚS

# Brunað í Bláfjöllum þó að snjólítið sé

**Skíðasvæðið í Bláfjöllum var opnað fyrir skíðafólki um helgina í fyrsta sinn á þessum vetri. Fremur snjólétt er á skíðasvæðinu og því var ekki hægt að opna allar brekkur. Menn létu það ekki á sig fá og fögnuðu upphafi skíðavetrar.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# LEXUS RX 450h Í NÝRRI ÚTFÆRSLU

ハイブリッド

HYBRID

**Lexus RX 450h** er lipur og eyðslugrannur fjórhjóladrifinn sportjeppi þar sem allt er fyrsta flokks. Útlitið er einstakt, enda hönnunin og hugmyndafræðin sótt í japanska handverkssögu.

**Þráðlaust japanskt handverk**

**RX 450h** SPORTJEPPI — FRÁ 11.950.000 KR

**Lexus-Ísland**
Kauptúni 6, Garðabæ — **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Danir hætta að taka við ættleiðingarumsóknum vegna fjárskorts

**DANMÖRK** Danska ættleiðingastofnunin, DIA, sem haft hefur milligöngu um frumættleiðingar frá öðrum löndum er hætt að taka við umsóknum. Var gefin út fréttatilkynning um þetta fyrr í mánuðinum. Ástæðan er sú að stofnunin telur sig ekki geta tryggt að mál verði kláruð vegna fjárskorts og var fjölskyldum greint frá þessu í vor.

Alþjóðlegum ættleiðingum hefur fækkað mikið á síðastliðnum árum og er ástæðan sú að stór lönd, eins og Kína, hafa lokað fyrir umsóknir vegna þjóðfélagsbreytinga. Á Íslandi hefur frumættleiðingum frá öðrum löndum fækkað úr um 20 á ári niður í fimm á aðeins fjórum árum. Sama er uppi á teningnum í Danmörku. Árið 2010 voru 418 erlend börn ættleidd þar í landi en árið 2018 voru þær aðeins 64.

„Nú þegar við ákveðum að taka ekki við nýjum umsækjendum er það eingöngu vegna þess að við í stjórninni teljum ekki rétt að setja ættleiðingarferli af stað sem við getum ekki tryggt að hægt verði að vinna áfram. Fjárhagslegar horfur fyrir árið 2020, sýna fram á mikinn halla. Þess vegna höfum við því miður neyðst til að taka þessa ákvörðun, að taka ekki við nýjum umsækjendum," segir í tilkynningunni sem Lars Ellegaard, stjórnarformaður DIA, undirritaði.

Þegar ættleiðingum fækkaði dróst fjármagn til DIA saman og var svonefndri áfrýjunarnefnd falið að rannsaka möguleika á fjármögnun og koma á nýju kerfi, eins og breið samstaða er um á danska þinginu. Það hefur dregist og ólíklegt er að nýtt kerfi líti dagsins ljós fyrr en árið 2021. – **khg**

**Grundvöllur ættleiðinga í Danmörku er hruninn.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Baldur gekk berserksgang á Litla-Hrauni** Föngum var brugðið eftir átök hans við fangaverði.

**2 Sló fréttakonu í rassinn í beinni útsendingu** Karlmaður, 43 ára, verður kærður fyrir kynferðislega áreitni eftir að hafa slegið fréttakonu í rassinn.

**3 Skjálfti fannst á höfuðborgarsvæðinu** Skjálfti upp á 3,5 mældist á Reykjanesi rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

## Flestir án vinnu á Suðurnesjum

**VINNUMARKAÐUR** Í nýliðnum nóvember reyndist atvinnuleysi mest á Suðurnesjum eða 8,4 prósent og hafði þá aukist um 1,1 prósent í mánuðinum. Þetta kemur fram í yfirliti Vinnumálastofnunar.

Næstmest er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu, eða 4,2 prósent. Hins vegar var atvinnuleysi minnst á Norðurlandi eystra , eða 1,4 prósent. Í heild mældist 4,1 prósents atvinnuleysi á landinu. Alls voru 3.006 fleiri á atvinnuleysisskrá í nýliðnum nóvember en í sama mánuði í fyrra. – **jþ**

# Fæstir þátttakendur sáttir eftir loftslagsráðstefnu í Madríd

**Erfiðlega gekk að ná sameiginlegri niðurstöðu ráðstefnunnar um nauðsynlegar aðgerðir í loftslagsmálum. Ýmist töldu menn að of langt væri gengið eða of skammt. Næst verður fundað í Glasgow.**

**Forseti ráðstefnunnar, Carolina Schmidt umhverfisráðherra Chile, og Patricia Espinosa frá Mexíkó.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**LOFTSLAGSMÁL** Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (SÞ) sem haldin var í Madríd undanfarna daga lauk í gær. Óhætt er að segja að fæstir gangi sáttir frá borði; annaðhvort eru þeir þeirrar skoðunar að allt of vægar aðgerðir til að sporna við áhrifum manna á hlýnun hnattarins hafi verið samþykktar eða öfugt: að samþykktar aðgerðir séu öfgakenndar og ónauðsynlegar.

Umræðurnar sem fóru fram á ráðstefnunni eru þær lengstu sem hafa verið haldnar milli ríkja SÞ um loftslagsvána. Uppgefnir fulltrúar þjóðanna náðu loks samkomulagi um fyrirhugaðar aðgerðir í gær, þar sem markmiðið er auðvitað að draga úr losun kolefnis.

Ákveðið var að öll ríki skyldu leggja fram nýjar samþykktar skuldbindingar í þeim efnum á næstu stóru loftslagsráðstefnu SÞ sem verður haldin í Glasgow á næsta ári. Viðræðum um mál á borð við hvernig eigi að haga markaði með losunarheimildir var frestað þar til á næstu ráðstefnu.

Ráðstefnunni átti að ljúka á föstudag en snemma varð ljóst að hún myndi dragast á langinn. Eftir tvo aukadaga af samningaviðræðum komust fulltrúar ríkjanna loks að samkomulagi sem felur í sér auknar hömlur á kolefnislosun sem hvert ríki verði að sýna fram á á næstu ráðstefnu.

Ríkin skiptust í tvær fylkingar á ráðstefnunni. Evrópusambandið og smáríki, sem vildu mun harðari aðgerðir til að draga úr losuninni, og svo hin: Bandaríkin, Brasilíu, Kína, Indland og fleiri sem lögðust gegn þessum tillögum. Málamiðlun náðist á milli þessara fylkinga og var samþykkt að hin stærri og ríkari ríki, sem studdu ekki frekari aðgerðir, þyrftu að minnsta kosti að sýna fram á að hafa staðið við fyrirfram samþykktar aðgerðir fyrir árið 2020, til að mynda Parísarsamkomulagið.

„Niðurstöður ráðstefnunnar eru dálítill hrærigrautur og eru þessar samþykktir langt frá því sem vísindin segja okkur að sé nauðsynlegt að gera," segir Laurence Tubiana, talsmaður Evrópsku umhverfisstofnunarinnar.

„Mikilvægir þátttakendur sem hefðu þurft að skila sínu á ráðstefnunni stóðu engan veginn undir væntingum en þökk sé bandalagi Evrópu-, Afríku- og Suður-Ameríkuríkja tókst okkur að ná fram því besta sem var mögulegt í stöðunni, þvert á vilja hinna stóru mengunarvalda." **ottar@frettabladid.is**

# Fyrir áramót!

**VETRARDEKK Í KAUPAUKA**

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru fleiri atvinnubílar á sama díl en koma fram í auglýsingunni. Vetrardekk fylgja með öllum bílunum.

## VIÐ BJÓÐUM NOKKRA VALDA **ATVINNUBÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM** TIL ÁRAMÓTA

### NISSAN NV200
Sendibíll, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 3.490.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 2.940.000 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 2.370.000 kr. án vsk.**

### NISSAN e-NV200
100% rafbíll, sjálfskiptur

LISTAVERÐ: 4.790.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ 4.290.000 kr.**

FÁANLEGUR QUICKSHIFT

### RENAULT MASTER 2,3 DCI
135 hestöfl, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 5.490.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 5.084.000 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 4.100.000 kr. án vsk.**

### RENAULT KANGOO
Sendibíll, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 2.990.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 2.690.000 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 2.169.000 kr. án vsk.**

FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

### RENAULT TRAFIC 2,0 DCI
145 hestöfl, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 4.090.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 3.831.600 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 3.090.000 kr. án vsk.**

### RENAULT KANGOO EV
100% rafbíll, sjálfskiptur

LISTAVERÐ: 4.190.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ 3.560.000 kr.**

### ISUZU D-MAX XCAB
164 hestöfl, beinskiptur, dísil

4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN

LISTAVERÐ: 5.250.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 4.590.000 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 3.700.000 kr. án vsk.**

### DACIA DOKKER
Sendibíll, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 2.790.000 kr. m. vsk.
TILBOÐSVERÐ: 2.540.000 kr. m. vsk.

**TILBOÐSVERÐ 2.048.000 kr. án vsk.**

### NISSAN NAVARA
VISIA, 160 hestöfl, beinskiptur, dísil

4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN

LISTAVERÐ: 5.790.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ 5.140.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM97303

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Má rukka fyrir hleðslubúnað

**STJÓRNSÝSLA** Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hyggst leggja fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fjölbýlishús.

Með frumvarpinu á að skýra reglur um hleðslubúnað fyrir rafbíla í fjöleignarhúsum og liðka fyrir rafbílavæðingu. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef ráðuneytisins.

**Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.**

Frumvarpið var samið á grundvelli tillagna nefndar sem ráðherrann skipaði í byrjun árs. Auk starfsmanna ráðuneyta áttu fulltrúar frá Húseigendafélaginu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sæti í nefndinni.

Helsta breytingin er sú að almennt mun ekki þurfa samþykki annarra eigenda fyrir því að hleðslubúnaði fyrir rafbíla verði komið fyrir við eða á stæði á lóð fjöleignarhúss, nema það leiði til þess að meira en helmingur sameiginlegra og óskiptra bílastæða verði eingöngu til notkunar fyrir rafbíla. Þó er gert ráð fyrir aðkomu húsfélagsins að slíkum framkvæmdum, ákvörðunartöku um útfærslu þeirra og val á búnaði.

Þá verði kveðið á um hvernig kostnaður vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla skiptist á eigendur fjölbýlishúss. Húsfélög geti krafist höfðlegrar mánaðarlegrar þóknunar frá þeim eigendum sem nýta hleðslubúnað fyrir rafbíla. **– þþ**

# Er líða fer að jólum

**Árleg hátíð jólasveina, svokallað Santacon, fór fram með tilþrifum í New York í gær. Á hátíðina mætir fólk í alls kyns jólasveinabúningum og reynir að láta gott af sér leiða í sömu mund og það fer á kráarrölt um borgina. Þessi frjálslega klæddi jólasveinn var einn þeirra. Frá því Santacon hófst fyrir níu árum mun hafa safnast nærri hálf milljón dollara til góðgerðarmála á þeim hátíðum sem haldnar hafa verið.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Lögreglan að rannsaka verkunina hjá Hval hf.

**Stjórnendur Hvals hf. eru sakaðir um að hafa brotið gegn reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. Lögreglan á Vesturlandi rannsakar málið. Ríkissaksóknari telur grun um refsiverða háttsemi.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari telur að hvalveiðifyrirtækið Hvalur hf. hafi brotið reglur um vinnslu og heilbrigðiseftirlit á þriggja ára tímabili. Jónas Ottósson, lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á Vesturlandi, staðfestir að málið sé nú í rannsókn hjá embættinu.

Málið hófst í ágúst í fyrra þegar Ríkissaksóknara barst kæra frá náttúruverndarsamtökunum Jarðarvinum á hendur Hval hf. Eitt af kæruefnunum var að verkun Hvals á langreyðarkjöti væri ekki í samræmi við reglugerð ráðherra frá árinu 2009, það er, hvalurinn væri skorinn utandyra en ekki undir yfirbyggingu.

Matvælastofnun (MAST) gerði athugasemdir við fyrirtækið í eftirliti þrjú ár í röð, 2013 til 2015. Samkvæmt MAST gerði Hvalur úrbætur á skurðarsvæðinu eftir athugasemdirnar, svo sem með yfirbyggingu á hluta svæðisins þar sem kjötið var skorið og að koma upp fuglalínum.

Samkvæmt Freydísi Dönu Sigurðardóttur, fagsviðsstjóra hjá MAST, hafa þvingunarúrræði væntanlega verið í undirbúningi en ekki kláruð þegar hætt var að veiða árið 2016.

Hvalveiðar lágu niðri 2016 og 2017 en árið 2018 breytti Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra reglugerðinni og felldi út skylduna til yfirbyggingar. Greint var frá því í fjölmiðlum að Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf., hefði það ár sent Kristjáni bréf og beðið um að reglugerðinni yrði breytt.

Ríkissaksóknari fól Lögreglunni á Vesturlandi að rannsaka yfirbyggingarþátt málsins þremur dögum eftir að kæran barst en lögreglustjóri hætti rannsókn í desember í fyrra og vísaði til þess að MAST færi með eftirlitið.

**Komið með langreyði í hvalstöðina í júní árið 2013.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK

**Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf.**

Í apríl síðastliðnum felldi Ríkissaksóknari þá ákvörðun úr gildi eftir kæru Jarðarvina og fól lögreglustjóra að halda áfram rannsókn. Lögreglustjóri hætti rannsókn aftur í júlí, vísaði til fyrra bréfs og að rannsókn myndi ekki breyta sönnunarstöðu málsins í veigamiklum atriðum. Þegar Jarðarvinir kærðu þá ákvörðun í ágúst óskaði Ríkissaksóknari eftir afriti af gögnum málsins og röksemdum lögreglustjóra.

Ekki var fallist á röksemdir lögreglustjóra. Þann 15. nóvember felldi Ríkissaksóknari aftur niður ákvörðun hans um að hætta rannsókn og lagði fyrir hann á ný að ljúka henni.

Í afstöðuskjali ríkissaksóknara er sagt að ætla megi að Hvalur hf. hafi stundað hvalskurð á óyfirbyggðum skurðarfleti á því tímabili þegar það var skylt. Með reglugerðinni og lögum um hvalveiðar séu viðurlagaákvæði um sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

„Með vísan til þess sem að framan er rakið er að áliti ríkissaksóknara uppi grunur um refsiverða háttsemi af hálfu kærða," segir í skjalinu.

Ekki náðist í Kristján Loftsson fyrir vinnslu fréttarinnar.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Meira sælkera

**Tilbúinn gljái fyrir hamborgarhrygg**

**579** kr/stk

## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*



Rýnt í myndir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Krabbameinslyf gefur góða raun

**LÆKNAVÍSINDI** Nýjar rannsóknir sýna að lyfið Anastrazole getur minnkað líkur á brjóstakrabbameini um helming. Læknar og sérfræðingar hafa áhyggjur af því að lítill hluti kvenna í áhættuhópi fái lyfið sem kynna þurfi betur.

Rannsóknir benda til þess að Anastrazole geti virkað í langan tíma eftir að töku þess er hætt. Lyfið hindrar framleiðslu estrógens sem veldur oft brjóstakrabbameini. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í læknatímaritinu Lancet.

Anastrazole er eingöngu hægt að gefa konum sem komnar eru yfir breytingaskeiðið þar sem það hindrar ekki estrógen-framleiðslu í yngri konum.

Fyrri rannsóknir höfðu sýnt fram á að líkur á brjóstakrabbameini minnkuðu um helming á fimm ára tímabili.

Ný rannsókn sem tók til tæplega fjögur þúsund kvenna sýnir hins vegar að sjö árum eftir að þær höfðu hætt að taka lyfið var tíðni brjóstakrabbameins enn tæplega fimmtíu prósent lægri. **– gis**

Flokkur Nicolu Sturgeon sem berst fyrir rétti Skota til að ráða framtíð sinni bætti við sig fylgi í bresku þingkosningunum í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sturgeon segir ólýðræðislegt að læsa Skota inni í Bretlandi

**Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, segir að ekki sé hægt að halda Skotum föngnum inni í Bretlandi. Ákvörðun Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, um að neita Skotum um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði sýni fyrirlitningu gagnvart lýðræðinu og efli einfaldlega sjálfstæðissinna.**

**BRETLAND** „Það er slík afbökun og mótsögn við lýðræðið að það stenst ekki," segir Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, um þá ákvörðun Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, að neita Skotum um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði frá Bretlandi.

Orð þessi lét Sturgeon falla í viðtali á BBC í gær. Sagði hún öfugsnúið að sem leiðtogi SNP, flokksins sem unnið hefði yfirburða sigur í Skotlandi í bresku þingkosningunum, þyrfti að sætta sig við að það yrði ekki virt af flokknum sem hefði tapað rækilega í Skotlandi. Átti Sturgeon þar við Íhaldsflokk Boris Johnson.

Sagði Sturgeon á BBC að kjósendur í Skotlandi hefðu hafnað Íhaldsmönnum, sagt nei við Brexit og gert ljóst að þeir vildu halda á framtíð sinni í eigin höndum.

> **Hættan fyrir Íhaldsmenn er sú að því meira sem þeir reyna að hindra vilja skosku þjóðarinnar því meira af hreinni fyrirlitningu sýna þeir skosku lýðræði og þess meira munu þeir auka stuðning við sjálfstæðið.**
>
> Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands

„Ég geri ekki ráð fyrir að allir sem kusu SNP á fimmtudaginn séu nú þegar reiðubúnir að styðja sjálfstæði en það er ekki mitt að ákveða það, það er ekki fyrir Boris Johnson að ákveða, það er fyrir fólkið í Skotlandi að ákveða," sagði Sturgeon.

Í kosningunum síðastliðinn fimmtudag jók SNP við sig fylgi og fékk 47 af þingmönnum Skotlands á breska þinginu. Íhaldsflokkurinn á hinn bóginn, sem gerði að kosningamáli þar að berjast gegn nýrri þjóðaratkvæðagreiðslu, tapaði meira en helmingi skosku þingmanna sinna, fór úr þrettán þingmönnum niður í aðeins sex.

„Hættan fyrir Íhaldsmenn er sú að því meira sem þeir reyna að hindra vilja skosku þjóðarinnar, því meira af hreinni fyrirlitningu sýna þeir skosku lýðræði og þess meira munu þeir auka stuðning við sjálfstæðið," sagði fyrsti ráðherra Skotlands. „Ef ég virðist sæmilega róleg yfir þessu er það vegna þess að ég veit að tíðarandinn og umboðið er með okkur sem viljum að Skotlandi sé kleift að velja sína eigin framtíð."

Sturgeon endurtók það sem hún hefur áður sagt að ekki standi til að Skotar haldi ólöglega atkvæðagreiðslu um sjálfstæði á borð við þá sem fram fór í Katalóníu 2017. „Ég sagði í símann á föstudagskvöld að ef hann héldi að málinu væri þar með lokið hefði hann algerlega og fullkomlega rangt fyrir sér," bætti Sturgeon við og lýsti þar símtali sínu við Boris Johnson.

„Þú getur ekki haldið Skotlandi í sambandinu gegn vilja sínum. Þú getur ekki bara lokað okkur innu í skáp og snúið lyklinum og vonað að málið hverfi. Ef Bretland á að halda áfram gerist það aðeins með samþykki. Ef Boris Johnson er svona öruggur með sambandið þá ætti hann að hafa nóga trú til að rökstyðja mál sitt og leyfa fólkinu að ákveða. Hann getur ekki haldið Skotum fögnum í Bretlandi gegn vilja sínum," sagði Nicola Sturgeon við BBC. **gar@frettabladid.is**



# PAKKAR SEM OPNA MÁ STRAX

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Rof í rafkerfi

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Stundum segja menn að Ísland sé á jaðri hins byggilega heims. Þrátt fyrir það búum við hér og unum hag okkar vel, flest hver. Ein ástæða þess að hér er byggilegt er að landið liggur á slóð hlýrra hafstrauma þannig að hér er oft hlýrra í veðri en lega landsins gefur tilefni til. Sömuleiðis er það ein ástæða þess að í hafinu hér við land eru gjöful fiskimið.

En legu landsins fylgir líka að hér geta veður orðið óblíð. Á því fengum við að kenna í liðinni viku. Eftirköstin eru svo rafmagnsleysi, fjarskiptarof, ófærð og við því er að búast að ekki takist að koma því öllu í samt lag fyrr en vikur hafa liðið. Enda er tímafrekt að endurreisa möstur, stæður og staura sem halda raflínum uppi og fæða byggðir með rafmagni sem svo miklu máli skiptir.

Þegar rafmagn var lagt um landið upphaflega var sú aðferð valin að strengja línur á milli staura. Það hefur væntanlega verið gert af hagkvæmnisástæðum og sjálfsagt hafa tæknilegar ástæður legið til þess líka. Undanfarin ár hafa þær raddir orðið háværari að leggja eigi raflínur í jörð. Ekki bara af öryggisástæðum, þar sem ísing sest ekki á streng í jörð og sligar hann, heldur einnig til að takmarka sjónmengun sem er af línum og staurastæðum.

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, sagði í fjölmiðlum í liðinni viku að tvö til þrjú hundruð kílómetrar af dreifikerfinu væru endurnýjuð árlega með því að leggja streng í jörð í stað loftlína. Því verkefni lyki ekki fyrr en árið 2035 með sama áframhaldi.

En það var annað sem ekki síður vakti athygli í máli forstjórans. Til þess að byggja upp eða styrkja raforkukerfið þarf að fara um land í einkaeigu og þá þarf samþykki landeiganda. Yfirleitt gengi vel að fá slíkt samþykki þegar landeigandi er ábúandi. Erfiðar gengi að afla þess þegar landeigandi býr ekki á jörðinni.

Á sömu lund talaði Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þar sem hann gagnrýndi að einstaklingar gætu staðið í vegi fyrir því að raflínur væru lagðar og vísaði þar til hvernig miðaði við að byggja upp og treysta raforkukerfið. „Ég verð bara að segja alveg eins og er að þegar einhverjir einstaklingar, sem jafnvel búa ekki á svæðinu, setja fyrir sig sjónmengun af einhverjum línum, þegar líf og öryggi samborgara þeirra sem búa í samfélaginu er í húfi, þá held ég að það fólk verði að hugsa sig um."

Þetta er ágæt ábending. Um árin hafa verið fluttar fréttir af langdregnum málaferlum þar sem deilt er um einmitt þetta. Landeigandinn heimilar ekki lagningu línu um land sitt, einkum af náttúruverndarsjónarmiðum. Oft er þar um að ræða fólk sem býr hvorki á jörðinni né í grennd við hana og á ef til vill bágara með að átta sig á mikilvægi trausts og öruggs rafmagns fyrir samfélagið sem treystir á það.

Það er ekki við því að búast að áratuga gamalt flutningskerfi raforku standi af sér slíkt áhlaup sem varð og jafnvel þó yngra væri. Í hagsmunamati landeigenda verður þó að gefa almannahagsmunum þá vigt að uppbygging og styrking raforkukerfisins geti farið fram án hindrana af þessu tagi.

> Það er ekki við því að búast að áratuga gamalt flutningskerfi raforku standi af sér slíkt áhlaup og jafnvel þó yngra væri.

## Halldór

## Frá degi til dags

**Sameinumst, hjálpum þeim**

**Fjórir fyrrverandi þingmenn standa fyrir söfnun fyrir bágstadda í Namibíu. Þeir virðast hafa komist að því að aðstoðar þeirra væri þörf.**

**Það ber vott um kristilegan kærleik að styrkja bágstadda, þó í fjarlægu landi sé. En það er sérkennilegt að Namibía hafi orðið fyrir valinu. Namibía er langt frá því að vera verst statt meðal Afríkuríkja og fjöldi ríkja sem verr standa. Það skyldi þó ekki vera að þessir fyrrverandi stjórnmálamenn hafi ætlað að senda einhvers konar pólitísk skilaboð með söfnuninni? Sóknarnefnd Hallgrímskirkju bætti svo í söfnunina og lagði fram hálfa milljón úr Líknarsjóði kirkjunnar. Það er enn sérkennilegra ráðslag en söfnunin sjálf.**

**Er ekki tími til að tengja?**

**Nú eru vélar keyrðar víða til að framleiða rafmagn fyrir tilstilli rándýrrar innfluttrar dísilolíu. Nú fer í hönd sá tími þegar landsmenn flykkjast í ræktina til að bræða af sér lýsið. Í tilgangsleysi lyfta menn járnum og þeyta þrekhjól. Öll sú orka er til einskis. Nú þarf að finna leið til að allt þetta svitastorkna fólk framleiði rafmagn með hamaganginum. Það myndi allavega duga til að knýja posana sem nýttir eru í grið og erg í byrjun janúar til að greiða fyrir árskortið sem liggur svo ónotað þar til aftur er kominn janúar – ári síðar.**

# Fleiri foreldrar fái barnabætur

Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Ráðast þarf í heildarendurskoðun á íslenska barnabótakerfinu með það að markmiði að skerðingarmörkin hækki verulega og fleiri foreldrar fái fullar bætur. Ný skýrsla sem Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur vann fyrir BSRB sýnir með skýrum hætti að kerfið er flókið og ómarkvisst.

Ólíkt barnabótakerfunum á hinum Norðurlöndunum eru það fyrst og fremst allra tekjulægstu foreldrarnir sem fá barnabætur á Íslandi. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi fá allir foreldrar sömu barnabætur, óháð efnahag. Í Danmörku eru barnabæturnar skertar hjá fólki sem komið er um eða yfir meðaltekjur.

Það er afar slæmt að íslenska barnabótakerfið sé farið að virka eingöngu sem ómarkviss og stundum tilviljunarkenndur stuðningur við þá allra tekjulægstu. Þannig skerðist stuðningurinn til dæmis verulega þegar börnin ná sjö ára aldri og í sumum tilfellum fá einstæðir foreldrar minni bætur en foreldrar í hjúskap þrátt fyrir sama fjölda barna. Aðgerðir eins og að hnika örlítið til skerðingarmörkum og hækka barnabæturnar eru ekki nægilegar þegar ekki er hægt að reikna með að þær skili sér til allra þeirra fjölskyldna sem þurfa á stuðningi að halda.

BSRB telur nauðsynlegt að endurskoða íslenska kerfið frá grunni og líta helst til danska kerfisins sem fyrirmyndar. Það þarf að byggja nýtt barnabótakerfi sem byggir á bestu mögulegu gögnum um þarfir ólíkra fjölskyldna.

Við eigum ekki að sætta okkur við að skerðingarnar í barnabótakerfinu séu svo miklar að launafólk á lágmarkslaunum fái litlar sem engar barnabætur. Vissulega er jákvætt að styðja vel við allra tekjulægstu hópana í samfélaginu en þá þarf að gera það óháð aldri barna og ljóst er að fleiri þurfa á aðstoðinni að halda.

Eigi barnabótakerfið að skila þeim grundvallarmarkmiðum að jafna stöðu barnafjölskyldna þarf að styðja við mun stærri hóp foreldra en gert er í dag.

> BSRB telur nauðsynlegt að endurskoða íslenska kerfið frá grunni og líta helst til danska kerfisins sem fyrirmyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekki vera Jónas

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Félagi minn Jónas tekur jólahátíðirnar föstum tökum. Hann fer alla leið í gjöfunum. Á ákveðinn hátt er þetta skemmtilegt. Það er gaman að vera vinur Jónasar. Stundum fer þetta mikla hátíðarskap mannsins þó svolítið yfir strikið að mínu mati. Ég kynntist Jónasi fyrir þrettán árum, þegar hann flutti í húsið við hliðina á okkur með konu sinni og börnum. Við náðum strax vel saman.

Á jóladaginn fyrsta — þetta var árið 2007 — bankaði Jónas uppá eldhress snemma að morgni. Við vorum ennþá á náttfötunum, að háma í okkur Macintosh. Það skipti engum togum: Hann færði mér talandi páfugl á grein.

Ég varð eilítið undrandi. Það er ekkert grín að halda páfugl og hann hefur mjög hvellan talanda. Maður hrekkur stundum í kút. En hvað um það. Þetta var skemmtilegt. Annað árið var gjöfin frá Jónasi hófsamari. Hann gaf mér tvær dúfur. Ég kom þeim fyrir í litlum kofa hér í garðinum. Þriðja jóladaginn færðist Jónas í aukana í fiðurfénaðinum. Þá gaf hann mér, skælbrosandi hér í dyragættinni, þrjú spök hænsn. Ég þakkaði kærlega fyrir þær. Gott er að njóta eggjanna. Ég gaf honum bók. Spennusögu eftir Arnald.

**Fimmfaldi hringurinn**

Mig var á þessum tímapunkti farið að gruna að Jónas væri að nota jólagjafir til að losa sig út úr búskap af einhverju tagi. Þessar grunsemdir mínar fengu byr undir báða vængi þegar hann á fjórða jóladegi mætti hér í forstofuna, eldhress að vanda, með fjögur feit naut. Við erum að tala um fnæsandi kvikindi með horn og læti. Mér brá smá. Ég verð að játa það. En auðvitað var ég þakklátur, fyrst og fremst. Ég gaf honum konfekt.

Á fimmta jóladegi kom Jónas mér á óvart. Ég veit ekki hvað hann var að spá. Hann færði mér fimmfaldan hring. Þetta er fremur stórt fyrirbrigði og ég geymi þetta úti í bílskúr við hlið nautanna, en mér er fyrirmunað að skilja hvað ég á að gera við þetta. Ég gaf honum trefil.

Sjötta gjöfin á sérstakan stað í hjarta mínu. Þetta var árið sem ég gaf Jónasi leðurhanska, en hann færði mér sex þýða þresti. Það þótti mér frumlegt. Kosturinn við þessa gjöf var sá að það hvíldi ekki á mér að hafa um fyrir þessum fuglum um árabil heldur gat ég sleppt þeim lausum þegar voraði. Sama var uppi á teningnum með sjöundu gjöfina. Satt að segja mátti litlu muna að ég byrsti mig við Jónas þegar hann færði mér hana, þótt auðvitað kynni ég að meta þann góða hug sem að baki lá. Hann gaf mér sjö hvíta svani. Það var vesen að hafa þá innandyra, því svanir geta verið herskáir, en svo fóru þeir sömu leið og þrestirnir um vorið. Það var ágæt lausn. Ég gaf Jónasi kaffibaunir.

**Annað árið var gjöfin frá Jónasi hófsamari. Hann gaf mér tvær dúfur. Ég kom þeim fyrir í litlum kofa hér í garðinum.**

**Vaxandi þreyta**

Nú var örlítil þreyta komin í mig, verð ég að játa. Gat ekki maðurinn slakað á? Var þetta gjafaæði raunverulega í anda jólanna? Áttunda árið færði hann mér átta kýr. Jesús Pétur! Ég gaf honum rauðvínsflösku. Á níunda jóladag kemur svo Jónas hér glaðhlakkalegur með ljósmynd af níu skipum — allstórum — og gefur mér þennan flota. Hvað átti ég að gera við níu skip? Er kvóti með þeim? spurði ég, og vonaði inni í mér að hann skynjaði pirring minn, en hann hló bara. Ég gaf honum slifsi.

Eftir tíu ára kynni bankaði svo Jónas hér upp á, orðinn allríkur held ég, og færði mér tíu hús. Nei, heyrðu nú Jónas! hrópaði ég þá. Ég get ekki þegið þetta. Húsin voru öll á besta stað, á torgi. Þetta var alltof mikið. En Jónas glotti bara, klappaði mér á öxlina og sagði mér að slaka á. Ég gaf honum símahulstur.

Í hittifyrra keyrði um þverbak. Jónas gaf mér ellefu hallir álfa. Mig rak í rogastans. Hvað á ég að gera við slíkar fasteignir? Og ég kann engin tök á álfum. Ég gaf honum penna.

Í fyrra gaf Jónas mér svo tólf lindir tærar. Það var í raun gjöf upp á nokkrar landareignir víða um land þannig að ég er nú orðinn stóreignamaður og þarf að standa straum af alls konar umsýslu. Ég gaf honum húfu.

Nú í ár er ég að hugsa um að segja Jónasi að við ættum að reyna að tóna þessari gjafir niður. Það þarf ekki að gefa svona mikið. Mér nægir að fá Jónas í heimsókn. Rólegt spjall er góð gjöf. Að maður finni kærleik frá vini sínum, það nægir mér. Í ár ætla ég bara að gefa honum hlýtt og innilegt faðmlag og vona að hann fatti þetta.

Ég sé hins vegar að hann er kominn með þrettán hesta hér í garðinn. Fjandinn.

# Mörk Salah hvert öðru glæsilegra

**Mohamed Salah hefur glatt knattspyrnuunnendur síðustu vikurnar með glæsilegum mörkum sínum fyrir Liverpool. Hóflegar væntingar voru gerðar til hans þegar hann kom til Liverpool en nú er þess frekar vænst að hann skori þegar hann spilar.**

**ENSKI BOLTINN** Egypski framherjinn Mohamed Salah skoraði bæði mörk Liverpool þegar liðið jók forskot sitt á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla með sigri gegn Watford um helgina. Salah hefur þar af leiðandi skorað níu deildarmörk á yfirstandandi leiktíð sem er jafn mikið og liðsfélagi hans Sadio Mané, og Sergio Agüero, Harry Kane, Danny Ings og Teemu Pukki. Salah á hins vegar töluvert í land með að ná Jamie Vardy sem er markahæsti leikmaður deildarinnar í vetur með 16 mörk.

Stuðningsmenn Liverpool fóru ekkert upp í skýin þegar Salah var kynntur til leiks sem nýr leikmaður liðsins sumarið 2017. Salah var keyptur til Liverpool frá ítalska liðinu Roma en þeir sem slógu á væntingarnar rifjuðu upp tíma hans hjá Chelsea þar sem hann náði ekki að brjóta sér leið inn í stórt hlutverk hjá liðinu og var svo seldur til Ítalíu þar sem Fiorentina keypti framherjann.

Eftir eins árs veru hjá Fiorentina færði Salah sig um set til Roma þar sem hann sprakk út og skoraði 14 mörk í deildinni á sinni fyrstu leiktíð með Rómarliðinu og 15 deildarmörk á leiktíðinni þar á eftir. Sú frammistaða heillaði Jürgen Klopp og njósnateymi Liverpool og enska félagið fékk hann til liðs við sig fyrir keppnistímabilið 2017 til 2018.

Þær efasemdaraddir sem voru uppi um það hvort Salah gæti höndlað enska boltann voru kveðnar í kútinn á fyrsta tímabili hans með Liverpool þar sem hann skoraði 32 mörk í ensku úrvalsdeildinni í fyrstu atrennu í Liverpool-búningnum. Hann skoraði 44 mörk í öllum keppnum það tímabilið. Örlítið hægðist á markaskoruninni á leiktíðinni þar á eftir þar sem Salah skoraði 22 mörk í deildinni.

### Vonbrigði fyrir bæði Salah og Liverpool í Kænugarði

Mikilvægi hans fyrir liðið á fyrsta tímabilinu hjá Liverpool sást berlega þegar liðið mætti Real Madrid í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu vorið 2018. Salah fór þá meiddur af velli eftir viðskipti sín við Sergio Ramos og eftir að Egyptinn hvarf af vettvangi minnkaði sóknarþungi Liverpool umtalsvert. Svo fór að Liverpool laut í lægra haldi í þeim leik.

Mark Salah á móti Rauðu Stjörnunni í riðlakeppni Meistaradeildarinnar haustið 2018 var það 50. sem hann skoraði fyrir Liverpool en hann náði þeim áfanga í 65 leikjum. Hann varð þar af leiðandi sá leikmaður sem þurfti fæsta leiki í sögu Liverpool til að skora 50 mörk.

Sumarið 2018 gerði Salah langtímasamning við Liverpool og hann hefur ekkert gefið í skyn um það að hann vilji fara frá félaginu. Öll ummæli sem hann hefur látið hafa eftir sér um framtíð sína eru á þann veg að stuðinngsmenn Liverpool geti sofið rólegir.

> **Mohamed Salah hefur skorað 63 mörk í þeim 88 leikjum sem hann hefur spilað fyrir Liverpool. Hann er að spila á sínu þriðja keppnitímabili með liðinu.**

Síðastliðið vor fóru Salah og félagar hans hins vegar aftur í úrslitaleikinn þar sem Tottenham Hotspur var mótherjinn. Þar skoraði Salah fyrra mark Liverpool í 2-0 sigri úr vítaspyrnu. Salah, Roberto Firmino og Mané hafa myndað sóknarþríeyki sem nánast ómögulegt er að ráða við þegar þeir ná upp takti í spil sitt sem gerist oftar en ekki.

### Leikur allt í lyndi hjá sóknarþríeykinu þessa stundina

Fyrr á þessari leiktíð kastaðist aðeins í kekki milli Salah og Mané en Senegalinn sakaði samherja sinn um of mikla markagræðgi þegar Liverpool vann sannfærandi sigur á móti Burnley í deildinni í haust. Það risti hins vegar ekki djúpt og samvinna þeirra inni á vellinum eftir þetta atvik hefur verið til fyrirmyndar. Mané sá einmitt um það að koma Salah í góða stöðu í fyrra marki Salah gegn Watford um helgina.

Salah er frábær í að klára færin sín, hann getur klárað færin bæði með hægri og vinstri fæti sem gerir varnarmönnum afar erfitt um vik við að koma í veg fyrir að hann finni netmöskvana. Auk þess að vera frábærir sóknarlega eru Salah, Firmino og Mané einnig lykillinn að pressu Liverpool og þeir eru allar óséðhlífnir og duglegir í varnarvinnu sinni.

Vopnabúr Salah er margslungið en hann á það til að skora úr erfiðustu færunum sem hann fær í leikjum. Slíkt var uppi á teningnum þegar hann skoraði fyrra mark Liverpool í sigrinum á móti Red Bull Salzburg í lokaumferð í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í síðustu viku. Það mark var það 27. sem hann kemur nærri í Meistaradeildinni síðan hann kom til Liverpool en hann hefur skorað 19 mörk og lagt upp átta fyrir samherja sína.

Aðeins Lionel Messi, leikmaður Barcelona, hefur komið að fleiri mörkum en Salah síðan Egyptinn gekk til liðs við Liverpool. Haldi áfram sem horfir hjá Liverpool í ensku úrvalsdeildinni og Salah verður einn af lyklunum að því að liðið bindi enda á 20 ára bið eftir enska meistaratitlinum kemst hann hærra á stallinn þar sem saman koma goðsagnir félagsins.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## HETJA HELGARINNAR

„Það er stundum þannig að það virðist liggja betur fyrir Mohamed Salah að skora úr erfiðum færum en þegar hann er í stöðum þar sem ætlast er til þess að hann skori. Sem betur fer þarf ég ekki að skilja hvernig hann fór að þessu. Mér finnst ótrúlegt að hann hafi náð að koma boltanum í markið.

**Jürgen Klopp**
**knattspyrnustjóri Liverpool**
**eftir leik gegn Salzburg**

### Mohamed Salah

Egypski framherjinn er fæddur í þorpinu Nagrig, rétt fyrir utan Basyoun, árið 1992. Hann spilaði sinn fyrsta leik fyrir aðallið El Mokawloon árið 2010 en fyrsta evrópska liðið sem hann spilaði fyrir var Basel. Síðan þá hefur hann spilað með Chelsea, Fiorentina, Roma og Liverpool. Hann var markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar tímabilið 2017 til 2018 og var valinn besti leikmaður deildarinnar. Hann hefur skorað níu mörk í deildinni í vetur.

„Sendingin sem Sadio Mané sendi á mig í aðdraganda fyrra marksins sem ég skoraði var frábær. Þetta var dæmigerð skyndisókn hjá okkur þar sem við nýtum hraða okkar. Ég hef verið að æfa hægri fótinn upp á síðkastið og það skilaði sér í þessu marki.

**Mohamed Salah**
**eftir leikinn við Watford**

*VOFFI* er viðamikil rannsókn á vegum Barnaspítala Hringsins á veikindum ungra barna og fjarvistum foreldra frá vinnu vegna veikindanna. Aðalmarkmið rannsóknarinnar er að meta hvaða veikindi herja helst á ung börn, hve oft þau veikjast og hve margir vinnudagar eða námsdagar foreldra tapast vegna veikindanna.

**Samtök atvinnulífsins styðja verkefnið og hvetja foreldra ungra barna til að taka þátt. VOFFI er metnaðarfullt verkefni sem gæti veitt samfélaginu dýrmætar upplýsingar því nú er lítið sem ekkert vitað um umfang fjarvista fólks frá vinnu vegna veikinda barna.**

Nýbökuðum foreldrum er boðin þátttaka í rannsókninni en einnig hægt er að skrá sig í rannsóknina hvenær sem er eftir fæðingu barnsins. Foreldrar allra barna sem fæðst hafa 1. janúar 2018 og síðar geta tekið þátt. Hægt er að óska eftir skráningu í VOFFA á Facebook og með tölvupósti á **voffi@landspitali.is**. Auk þess eru nánari upplýsingar á vef SA, **www.sa.is**.

*Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.*

SA

**www.sa.is**

**Skagamaðurinn Jóhannes Þór Harðarson er hér með liðsræðu fyrir lærisveina sína hjá Start sem í síðustu viku tryggði sér sæti í norsku úrvalsdeildinni með sigri gegn Lilleström.** MYND/IK START

# Start er lið sem á heima í efstu deild

**Start tryggði sér sæti í norsku efstu deildinni í knattspyrnu karla í síðustu viku eftir dramatíska rússibanareið í seinni úrslitaleik liðsins við Lilleström um sæti í efstu deild. Jóhannes Þór Harðarson, þjálfari liðsins, segir félagið nú stefna að því að ná stöðugleika.**

**FÓTBOLTI** Jóhannes Þór Harðarson tók óvænt við stjórnartaumunum hjá Start í upphafi deildarkeppninnar og náði markmiði liðsins um að koma sér í deild þeirra bestu. „Stefnan var sett á að fara upp þegar við hófum undirbúning fyrir tímabilið. Aðstæður voru svo svolítið spes þegar deildin fór af stað og það endaði þannig að ég tók við liðinu eftir fyrsta leik deildarkeppninnar. Ég breytti leikstílnum aðeins en ég þekkti auðvitað leikmenn vel eftir að hafa verið aðstoðarþjálfari hjá liðinu. Leikmenn tóku vel í þær breytingar sem ég gerði og voru fljótir að aðlagast þeim áherslum sem ég hafði," segir Jóhannes Þór í samtali við Fréttablaðið.

„Start er stórt félag á norskan og skandinavískan mælikvarða og það er allt til alls hjá félaginu til þess að búa til stabílt úrvalsdeildarlið. Við erum með glæsilegan leikvang með gervigrasvelli sem þyrfti helst að skipta um gervigras á fyrir næsta tímabil. Vonandi verður það gert. Það hefur verið mikið rót á félaginu síðustu ár og skort fjármagn en fyrir tímabilið tóku við eigendur sem vilja byggja upp gott lið. Verkefnið núna er að ná stöðugleika og halda þeim leikmönnum sem eru til staðar hjá félaginu og minnka leikmannaveltuna. Það eru allir leikmenn fyrir utan tvo sem eru með samning og félagið hefur betri stjórn á leikmannamálum sínum en verið hefur í gegnum tíðina," segir Jóhannes Þór sem samdi við félagið til tveggja ára síðasta sumar.

„Við erum með skemmtilegan og spennandi leikmannahóp sem er sá yngsti í tveimur efstu deildunum og uppistaðan er uppaldir leikmenn hjá Start og ungir og efnilegir leikmenn frá Kristianstad. Það sem okkur skortir helst er reynslumiklir leikmenn sem hafa leikið í langan tíma í efstu deild. Nú förum við í það að skoða markaðinn og sjá hvað er í boði. Það kemur alveg til greina að leita til Íslands í þeim efnum. Ég fylgist vel með því sem er gangi hjá íslenskum félögum og er vel tengdur málum þar," segir Skagamaðurinn um leikmannahóp sinn.

> **Start er stórt félag á norskan og skandinavíska mælikvarða og það er allt til alls hjá félaginu til þess að búa til stabílt úrvalsdeildarlið.**

„Við náum 62 stigum og það hefur dugað í gegnum tíðina að fara yfir 60 stigin til þess að fara upp. Álasund var hins vegar í algjörum sérflokki að þessu sinni og við náðum ekki að enda fyrir ofan Sandefjord. Það sem var kannski verst við umspilið var að við þurftum að bíða í þrjár vikur áður en við hófum leik þar sem var óþægilegt. Við náðum hins vegar að vinna vel úr þeirri stöðu og komum okkur upp með því að sýna mikinn karakter þegar á hólminn var komið," segir hann um tímabilið sem var að ljúka.

„Öll umgjörð í kringum seinni leikinn við Lilleström var ólík því sem maður á að venjast í Noregi. Það er ekki venjan hér að stuðningsmenn séu með blys, reyksprengjur og það sé svona mikill hiti í kringum leikina. Það var algerlega magnað að upplifa þetta og einkum og sér í lagi þar sem við unnum á þann hátt sem við gerðum," segir Jóhannes en Martin Ramsland skoraði þrjú mörk fyrir Start á síðasta stundarfjórðungi leiksins og tryggði liðið upp um deild.

Aron Sigurðarson blómstraði undir stjórn Jóhannesar Þórs á tímabilinu en hann hafði verið úti í kuldanum hjá fyrirrennara hans í starfi. Jóhannes segir Aron mikinn fagmann sem hafi uppskorið fyrir mikla vinnu sína á leiktíðinni sem var að ljúka. Aron skoraði 13 mörk í deildinni og svo bæði mörk Start í sigri gegn Lilleström í fyrri leik liðanna í úrslitum umspilsins.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýri/Álftamýri vegna lóðar nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Reykjavíkurflugvöllur
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Nauthólsvík
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á um 350 m kafla nýrrar tveggja akreinar akbrautar fyrir almenningssamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Kaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samhliða breytingunni eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á skipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Ingólfsstræti 1
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti. Í breytingunni felst að heimila stækkun á inndreginni efstu hæð hússins og nýjan inngang frá Skúlagötu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 29. janúar 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 16. desember 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Keypt & Selt

### Til sölu

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# GIMLI
FASTEIGNASALA

FRÍTT SÖLUVERÐMAT

Grensásvegur 13 - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - gimli.is - gimli@gimli.is

| Halla | Ellert | Sigþór | Hafrún | Bárður | Elín Urður | Elín Rósa | Lilja | Kristján |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lögg. fast. | Sölumaður | Lögg. fast. | Lögg. fast. | Sölustjóri | Lögg. fast. | Lögg. fast. | Viðskiptafr. | Viðskiptafr. |
| 659 4044 | 661 1121 | 899 9787 | 848 1489 | 896 5221 | 690 2602 | 773 7126 | 820 6511 | 691 4252 |

**Traust og fagleg þjónusta** **Þarftu að selja? Hafðu samband**

# heimili
fasteignasala
**á traustum grunni**

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

**Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is**

FÉLAG FASTEIGNASALA

# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

16. DESEMBER 2019 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir

**1773** „Teboðið" í Boston. Frelsisbaráttumenn safnast saman við höfnina til að mótmæla hárri skattheimtu Breta. Skipsförmum af bresku tei er hent í höfnina.

**1775** Enski rithöfundurinn **Jane Austin** fæðist.

**1879** Ingibjörg Einarsdóttir, kona Jóns Sigurðssonar, deyr í Kaupmannahöfn 75 ára að aldri, aðeins níu dögum eftir andlát Jóns. Þau voru jarðsungin í Reykjavík 4. maí 1880.

**1916** Átta þingmenn, aðallega úr hópi bænda, stofna Framsóknarflokkinn. Fyrsti formaður hans var Ólafur Briem.

**1922** Nonni, brot úr æskusögu Íslendings, eftir Jón Sveinsson, kemur út í þýðingu Freysteins Gunnarssonar 16. desember, níu árum eftir útgáfu bókarinnar í Þýskalandi. Þetta var upphaf ritsafns Nonna.

**1925** **Geir Hallgrímsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, borgarstjóri Reykjavíkur og forsætisráðherra, fæðist.

**1942** Utanþingsstjórn undir forsæti Björns Þórðarsonar tekur við völdum.

**1962** Kópavogskirkja vígð, að viðstöddu fjölmenni. Arkitektarnir Hörður Bjarnason og Ragnar Emilsson teiknuðu kirkjuna, en í henni eru átta bogagluggar eftir Gerði Helgadóttur.

**1971** Alþýðulýðveldið Bangladess fær sjálfstæði frá Pakistan.

**1991** Sovétlýðveldið Kasakstan verður að sjálfstæða lýðveldinu Kasakstan.

**2008** Til átaka kemur milli lögreglu og mótmælenda við Ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu áður en ríkisstjórnarfundur hefst þar. Ráðherrarnir fara flestir inn um bakdyr.

†

Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jónas Guðlaugsson**

frá Eyrarbakka

sem lést föstudaginn 29. nóvember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju, miðvikudaginn 18. desember kl. 13:00.

**Ingibjörg Jónasdóttir** — **Gísli Ólafsson**
**Nicolai Jónasson** — **Ásta Bjarney Pétursdóttir**
**Jónas Garðar Jónasson** — **Jóhanna V. Gísladóttir**
**Guðlaugur Jónasson** — **Guðrún Axelsdóttir**
**Sigurður Jónasson** — **Bjarnþóra María Pálsdóttir**
**og fjölskyldur**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þórður J. Karlsson**

fv. sjómaður,

lést á Sólvangi sunnudaginn 8. desember.
Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. desember klukkan 13.

**Málmfríður Þórhallsdóttir**
**Þórhildur Þórðardóttir** — **Þór Jóhannsson**
**Hálfdán Karl Þórðarson** — **Freyja Árnadóttir**
**Jökull Ingvi Þórðarson** — **Snædís Ögn Flosadóttir**
**og barnabörn**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langaamma

**Bjarndís [Dídí] Helgadóttir**

lést á Vífilstöðum 3. desember.
Útför Dídíar fór fram í Kópavogskirkju fimmtudaginn 12. desember.

**Helga Kjartansdóttir** — **Ármann Snjólfsson**
**Yngvi Þór Kjartansson**
**Héðinn Kjartansson** — **Margrét Þráinsdóttir**
**Kolbrún Gerður Kjartansdóttir** — **Hallur Hallsson**
**Ingveldur Margrét Kjartansdóttir** — **Kolbeinn Reginsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

**Hlynur Níels Grímsson læknir vill fremur titla sig sem áhugapenna en rithöfund.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Veikindadagar í ljóðum

**Í ljóðabókinni Veikindadögum er með ljóðum, sögum, mýkt og mannúð lýst hugarheimi reykvísks læknis. Þetta kallaði á mig, segir höfundurinn Hlynur Níels Grímsson.**

Upphaf ljóðabókarinnar Veikindadagar kalla strax eftir meiri lestri: „Mömmu missti ég sjö ára." Með ljóðum, sögum, mýkt, og mannúð er lýst reynslusögu læknis í Reykjavík og erlendis. Bókin segir frá sjúkrahúslífi, sveitamennsku, veiðiskap, fjarlækningum, heyskap og flugvélum.

Þetta er fyrsta ljóðabók Hlyns Níels Grímssonar sem hefur starfað sem krabbameinslæknir en starfar nú við heimilislækningar.

Saga og ljóð bókarinnar eru stundum dimm. Líf læknisins er ekki höglífi. Lýst er átökum við fíkn og leit að velsæld stundarinnar með misgóðu kynlífi. Á stundum virðist hann ekki alveg áttaður eins og rakið er í bókinni. Og svo eru það auðvitað þrúgandi hugsanir læknis á bráðamóttökunni á Landspítalanum:

*Ég leyfi börnunum að koma til mín*
*sem koma inn sturluð*
*eftir alla neysluna*
*ég sprauta þau niður*
*og á morgun útskrifast þau*
*til þess að geta farið*
*og stungið sig aftur á snældunni*
*og sofið í milljón ár.*

Sveitamennska og veiðiskapur í Húnavatnssýslu eru einhvern veginn afturhvarf eða flótti til annars veruleika. Þar liggur farsældin.

Aðspurður um hvort þetta séu raunsannar hugsanir og lýsingar á hans eigin lífi segir Hlynur það svo vera að minnsta kosti að hálfu leyti.

„Og svona sirka að hálfu er þetta skáldskapur. Sveitasögurnar eru til að mynda margar ættaðar frá föður mínum Grími Jósafatssyni sem fæddur var á Efri-Svertingsstöðum í Vestur-Húnavatnssýslu. Pabbi var mikill sveitamaður í eðlinu, þó að örlögin höguðu því þannig að hann byggi stærstan hluta ævinnar á mölinni."

Að sögn Hlyns vann hann að handritinu í talsverðan tíma. „Að endingu tók ég það upp og skrifaði það algerlega upp á nýtt og sendi á útgefanda," segir hann. „Útgefandinn Sæmundur, sem er útgáfa Bjarna Harðarsonar á Selfossi, tók vel í erindið og úr varð gott samstarf. Ég trúi á að vel hafi tekist til. Ég er ánægður með bókina. Maður verður að fylgja sínu."

Þetta er önnur bók Hlyns. Hann gaf út söguna Krabbaveisluna árið 2015.

Hlynur segir að skrif hafi togað lengi í hann. „Það kallaði alltaf á mig að verða rithöfundur," segir hann en vill þó fremur titla sig sem áhugapenna en rithöfund. „Þetta togar í mig. Ég er í raun fæddur inn í skáldskapinn. Pabbi kunni hundruð vísna og ljóðabálka, svo mikið að stundum fannst manni nóg um og alveg sérlega í löngum ökuferðum um Húnaþing sem við feðgarnir skelltum okkur stundum í. Þetta hefur því alltaf blundað í mér. Læknastörf gefa ekki mikinn tíma en þetta springur svona út á milli og þá verður það að fá að springa út. Þetta kallar á mig, svo einfalt er það," segir Hlynur.

**david@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 16. DESEMBER 1653:

## Oliver Cromwell gerist einvaldur á Englandi

Oliver Cromwell (1599 –1658) var enskur herforingi og stjórnmálamaður sem leiddi uppreisn gegn konungsveldinu í Bretlandi í ensku borgarastyrjöldinni. Hann fæddist í Huntingdon í Cambridge-skíri og nam við Cambridge-háskóla en lauk ekki prófi. 29 ára tók hann sæti á enska þinginu sem Karl 1. Englandskonungur leysti upp ári síðar.

Enska borgarastyrjöldin braust út árið 1642 og gekk Cromwell þá 43 ára í þingherinn og stofnaði riddaraliðsflokk. Þrátt fyrir enga stríðsreynslu reis tign hans skjótt. Þegar Karl konungur var handsamaður árið 1646 stjórnaði Cromwell orðið hernum.

Breska konungsveldið var lagt niður árið 1648, Karl konungur hálshöggvinn 1649 og lýðveldið Enska samveldið varð til. Þá var Cromwell í raun einráður og ríkið aðeins lýðveldi að nafninu til. Hann leysti upp þingið árið 1653 með valdi. Hann varð þannig einráður sem æðsti verndari Englands, Írlands og Skotlands frá 16. desember 1653 til dánardags 3. september árið 1658. Son hans sem tók við alræðisvaldinu skorti myndugleika og tveimur árum síðar var konungsveldið endurreist.

Cromwell, sem lést 59 ára úr blóðeitrun eftir þvagfærasýkingu, er jarðaður í Stiftskirkju heilags Péturs í Westminster sem flestir þekkja sem Westminster Abbey.

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar

# Bakpokar frá Osprey

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.

## Kestrel 38L
Göngubakpoki
**verð 28.990 kr.**

## Talon 33L
Fisléttur alhliða bakpoki
**verð 21.990 kr.**

## Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**verð 28.990 kr.**

## Daylite 13L
Léttur bakpoki
**verð 9.990 kr.**

## Aether 70L
Burðarbakpoki
**verð 43.990 kr.**

## Stuff Pack 18L
Léttur, pakkast vel saman
**verð 5.490 kr.**

## Skipulagspokar
fyrir ferðatöskuna
3 saman í pakka
**verð 5.190 kr.**

## Transporter dufflar
**verð frá 21.990 kr.**

## Daylite Waist
Mittistaska
**verð 6.490 kr.**

## KEEN Venice kvenna
Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áræðanlegir.

*Stærðir: 35-42*
16.990 kr.

# SANDALAR OG GÖNGUSKÓR

## KEEN Newport herra
Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.

*Stærðir: 40,5-48,5*
17.990 kr.

KEEN Targhee III Mid WP kvenna/herra
Vatnsheldir gönguskór 24.990 kr.

KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór 21.990 kr.

KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
16.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
19.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
19.990 kr.

KEEN Rialto II herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Opnunartími:
virka daga 10.00 - 18.00,
laugardag 11.00 - 17.00,
sunnudag 11.00 - 16.00

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

BYKO

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1 °C \| 4 | -1 °C \| 5 | -4 °C \| 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| -2 °C \| 6 | 2 °C \| 5 | -4 °C \| 7 |

Norðlæg átt, 5-13 m/s. Él norðan- og austanlands, en bjart með köflum annars staðar. Frost 0 til 6 stig.Bætir í ofankomu norðan til og hlýnar undir kvöld, með slyddu eða rigningu við norðurströndina. NA 10-18 á morgun og él, en bjartviðri S- og V-lands. Heldur hægari um kvöldið. Kólnar aftur, frost 0 til 8 stig síðdegis, mildast við ströndina.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -7 °C \| 2 | -3 °C \| 5 | -4 °C \| 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| -2 °C \| 7 | -5 °C \| 3 | -8 °C \| 7 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -5 °C \| 3 | -1 °C \| 6 | -3 °C \| 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| -3 °C \| 1 | -1 °C \| 2 | -5 °C \| 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Grön
5 Kk. nafn
6 Tveir eins
8 Iðnaðarmaður
10 Vörumerki
11 Málmur
12 Gorgeir
13 Gapandi
15 Brúkun
17 Hökta

**LÓÐRÉTT**
1 Hrúgald
2 Ílát
3 Kopar
4 Aðhefst
7 Tilbrigðalaus
9 Dugnaður
12 Gætt
14 Umrót
16 Kringum



**LÁRÉTT:** 1 skegg, 5 arl, 6 ee, 8 múrari, 10 ss, 11 tin, 12 gort, 13 flar, 15 notkun, 17 stama.
**LÓÐRÉTT:** 1 samsafn, 2 krus, 3 eir, 4 gerir, 7 eintóna, 9 atorka, 12 gátt, 14 los, 16 um.

## Skák

Gunnar Björnsson

Marjrov átti leik gegn Krjukov árið 1956.

**1. Rg6+! hxg6 2. De8+!! Dxe8 3. hxg6+ 1-0.**

Jón Viktor Gunnarsson varð Íslandsmeistari í hraðskák eftir sigur á Friðriksmóti Landsbankans. Jón Viktor varð efstur ásamt Helga Áss Grétarssyni en hafði titilinn eftir oddastigaútreikning. Hjörvar Steinn Grétarsson og Símon Þórhallsson urðu í 3.-4. sæti. **www.skak.is:** Allt um Friðriksmótið.

**Hvítur á leik**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli

## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ht.is

NESCAFÉ Dolce Gusto

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

JÓLATILBOÐ!

Jólakaupauki!

After Eight jólaaskja fylgir á meðan birgðir endast!

**Allar Dolce Gusto kaffivélar á jólatilboði**
Fjölbreytt úrval af sjálfvirkum kaffivélum fyrir Dolce Gusto kaffihylki - **Allt að 30% afsláttur**

LG

JÓLATILBOÐ!

ALLT AÐ 22% AFSLÁTTUR

**LG 8200 línan frá LG**
Glæsileg NanoCell UHD snjallsjónvörp með skýrari litum og betri mynd frá öllum sjónarhornum.

| 49" Tilboð | 55" Tilboð | 65" Tilboð |
|---|---|---|
| **119.995** | **139.995** | **189.995** |
| Áður 129.995 | Áður 179.995 | Áður 229.995 |

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!
# VERSLANIR UM LAND ALLT

Hollari djúpsteiking, án olíu. Margar gerðir.
**Verð frá 8.995**

MELISSA
PHILIPS

NÝTT!

KENWOOD
Kenwood bílamyndavélar
**Verð frá 9.995**

NÝTT!

Ariete
Ný og stórglæsileg kaffivél
**Verð 69.995**

20% AFSLÁTTUR

JÓLATILBOÐ!
Gæða örbylgjuofnar frá Sharp.

SHARP

PHILIPS

Dagsbirtuvekjarar - tilvalin jólagjöf!
**Verð frá 10.995**

MEDISANA

Heilsu- og nuddvörur í miklu úrvali!

**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

# Sex vikur fyrir eina ástarjátningu

**Í HKL – ástarsögu fjallar Pétur Gunnarsson rithöfundur um ástir og trúarleit Nóbelsskáldsins. Rannsakaði gögn í Þjóðarbókhlöðunni. Þrjár konur í lífi Laxness koma mjög við sögu í bókinni.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Pétur Gunnarsson rithöfundur skrifar um Halldór Laxness í bókinni HKL – ástarsaga og fjallar þar ekki síst um ástir skáldsins og trúarleit.

Margt og mikið hefur verið skrifað um Laxness og Pétur er spurður af hverju hann hafi viljað bæta við þau skrif. „Laxness er svo margt. Hann spannar öldina, er fæddur 1902 og deyr 1998. Hann kemur við margar af helstu hræringum aldarinnar, bæði í hugmyndasögu og stjórnmálum, þannig að hann er vissulega verðugt viðfangsefni. Tiltölulega stutt er síðan gögn hans voru afhent Þjóðarbókhlöðunni, þjóðinni til varðveislu, og þar er um býsna auðugan garð að gresja. Handrit hans auðvitað en líka vinnubækur þar sem hægt er að sjá hvernig skáldsögur hans fæddust og þróuðust. Hann virðist hafa tíðkað töluvert að frumsemja í vasabækur, oft á tilfallandi kaffihúsum eða hótelum og þá í mun grófari mynd en í hinni endanlegu gerð. Síðan eru sendibréfin, sem hljóta að hlaupa á þúsundum. Allt þetta efni er að finna á Þjóðarbókhlöðunni."

### Rannsakaði frumgögn

Pétur rannsakaði þessi gögn við vinnslu bókarinnar. „Fyrir tíu árum var ég að vinna bækur um Þórberg Þórðarson og þá fór ég líkt að. Þá fór ég í þau gögn sem Þjóðarbókhlaðan geymir um Þórberg og komst meðal annars í ótrúlegt safn hans af dagbókum frá 1906-1970, frumgögn sem menn höfðu annaðhvort ekki skeytt um eða ekki haft tíma til að kanna. Sömuleiðis athugaði ég líka dagbækur og söfn fólks sem var í kringum Þórberg. Ég fer svipað að núna með Halldór."

Mjög er vitnað í bréf ástkvenna Halldórs í bókinni, en á tímabili voru þær þrjár, Inga, sem varð fyrri eiginkona hans, Sólveig og Vala. „Það er athyglisvert að skoða þessi samskipti í samanburði við tæknistig okkar tíma þegar allir eru í samtímasambandi. Þannig sendir Halldór kannski ástarjátningu frá Los Angeles sem tekur þrjár vikur að berast upp á Laufásveg þar sem Inga býr og Inga svarar í sömu mynt sem tekur aðrar þrjár vikur að berast Halldóri – það gera sex vikur fyrir eina ástarjátningu – og allt sem gæti hafa gerst í millitíðinni!"

### Harmsögulegar víddir

Í bók sem fjallar um fyrsta hlutann á ferli Laxness er óhjákvæmilegt að Vefarinn mikli frá Kasmír komi við sögu. „Það þekkist ekki annað eins heljarstökk í íslenskum bókmenntum eins og frá æskuverkum Halldórs yfir í Vefarann mikla," segir Pétur. „Hann skrifar Undir Helgahnjúk í klaustrinu í Clervaux, verk sem hann leggur gríðarlega vinnu í og bindur miklar vonir við en útkoman er furðu dauf, kannski litlausasta verkið á öllum ferli Halldórs. En næst kemur Vefarinn mikli frá Kasmír og maður spyr sig: Hvað gerðist eiginlega í millitíðinni?

Hann var genginn í klaustur og kominn með neðsta stig munkdóms, á leið til Rómar í fimm ára klerkanám. En þurfti fyrst að tylla niður tá á Íslandi til að taka stúdentspróf sem var forsenda fyrir háskólanámi í Róm. En á þá í ástarævintýri með giftri konu, Sólveigu Straumland, sem kollvarpar öllum hans plönum og setur hann yfir á allt annað spor: í stað þess að fara til Rómar til að læra til prests, fer hann til Sikileyjar til að skrifa Vefarann mikla frá Kasmír, gegnumbrotsverkið á ferli hans.

Heimkominn með handritið að Vefaranum hittir hann svo stúlkuna Ingu og með þeim takast ástir þvert ofan í ætlanir Sólveigar Straumland sem var skilin við mann sinn til að taka upp samband við Halldór. Það er ekki að ófyrirsynju að Halldór segir í einu bréfanna til Ingu: „Er það ekki undarlegt að í kringum jafn kaldan mann og mig skuli altaf vera eldur? Stundum ætlar hann að brenna mig. En ég tek þá venjulega saman föggur mínar og fer."

Og Halldór fer til Kaliforníu, jafnvel til frambúðar, en uppgötvar sér til skelfingar að hann er „fanginn". Inga er stúlka sem hann getur ekki hugsað sér að missa og hún að sínu leyti er yfir sig ástfangin af Halldóri. En þau hafa ekki á neinu að byggja, þau hafa ekki einu sinni kysst og verða að búa til það sem á vantar með sendibréfum. Og Inga er stórkostlegur bréfritari, bréf hennar bregða upp lifandi mynd af veröld Reykjavíkurstúlku frá því á þriðja áratug tuttugustu aldar.

En til hliðar við bréfasambandið við Ingu á hann í holdlegu sambandi við hjúkrunarkonuna Völu sem tekur á sig næsta harmsögulegar víddir. En ég má ekki segja meira!

Sjálfur þekkti ég ekki Halldór persónulega, en hitti hann nokkrum sinnum þegar gerð var um hann sjónvarpsmynd þar sem mér var falið að gera handritið. Það er einn þáttur bókarinnar og segir frá ferð kvikmyndateymisins til Clervaux þar sem Halldór var í klaustri og Taormínu á Sikiley þar sem hann skrifaði títtnefndan Vefara."

Þar sem bók Péturs fjallar um upphafið á ferli Laxness er hann spurður hvort framhaldsbók sé væntanleg. Hann svarar: „Maður þorir aldrei að lofa upp í ermina. Ég er bara eins og hver annar dorgari sem hendir út færi og síðan er aldrei að vita hvort eða hvað bítur á."



Hann kemur við margar af helstu hræringum aldarinnar, segir Pétur um Laxness. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**EN TIL HLIÐAR VIÐ BRÉFASAMBANDIÐ VIÐ INGU Á HANN Í HOLDLEGU SAMBANDI VIÐ HJÚKRUNARKONUNA VÖLU SEM TEKUR Á SIG NÆSTA HARMSÖGULEGAR VÍDDIR.**

# JÓLIN NÁLGAST

## BETRA BORGAR SIG

**LG NANOCELL SJÓNVÖRP**
49" • 55" • 65" • 75"
**VERÐ FRÁ 119.995**

dyson

**NÝLENT!**
**DYSON V11 ENN KRAFTMEIRI EN ÁÐUR**

**KITCHENAID JÓLAKAUPAUKI**

KitchenAid

SONOS

**SONOS JÓLATILBOÐ**
SONOS ONE SL VERÐ 30.990
**TILBOÐ 28.990**

JBL

**JBL LIVE650 HEYRNARTÓL**
NÝ KYNSLÓÐ AF JBL HEYRNARTÓLUM
**VERÐ 22.990**

Saeco

**ALSJÁLFVIRKAR KAFFIVÉLAR**
MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA KAFFIVÉLUM
**FRÁ SAECO OG PHILIPS**

JBL

**JBL FLIP5**
NÝR VATNSHELDUR BT HÁTALARI
**VERÐ 16.990**

---

**BETRA BORGAR SIG**
Opið alla daga til jóla!

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### RÚV SJÓNVARP

**13.00 Gettu betur 1989 Versló - MS**
**13.50 Stöðvarvík** Þættir frá 1997 þar sem Spaugstofumennirnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Randver Þorlákssson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason skemmta landsmönnum eins og þeim einum er lagið. e.
**14.20 Maður er nefndur Atli Dagbjartsson** Í þessum þætti ræðir Eva Ásrún Albertsdóttir við Atla Dagbjartsson, barnalækni og yfirlækni á vökudeild Landspítalans og dósent við Háskóla Íslands. Hann segir frá æskuárunum í Mývatnssveit, námsárunum, stofnun vökudeildarinnar og þeim breytingum sem urðu með tilkomu nýburagjörgæsludeildar (vökudeildarinnar) á Íslandi en hann er einn þeirra sem mótuðu starfsemi deildarinnar í upphafi.
**14.50 Út og suður**
**15.20 Af fingrum fram Ragnheiður Gröndal** Viðtals- og tónlistarþáttaröð í umsjón Jóns Ólafssonar. Jón fær til sín ýmsa tónlistarmenn í spjall og laðar fram með þeim ljúfa tóna fyrir áhorfendur. Í þessum þætti er Ragnheiður Gröndal gestur Jóns.
**16.05 Nörd í Reykjavík**
**16.35 Silfrið**
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.52 KrakkaRÚV**
**17.53 Jólasveinarnir Pottaskefill**
**18.01 Jóladagatalið. Jólakóngurinn**
**18.24 Týndu jólin Álfarykið** Þorri og Þura hafa komist að því að einhver dularfullur hefur stolið öllu skrautinu þeira. En hver? Álfabörnin töfra fram álfaryk sem hjálpar þeim að finna slóð af loppuförum!
**18.38 Lalli**
**18.45 Refurinn Pablo**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Pabbar í náttúrunni Nature's Superdads** Heimildarmynd um feður í dýraríkinu. Þrátt fyrir að það séu oftast mæðurnar sem annast afkvæmin fylgjumst við hér með nokkrum dýrategundum þar sem feðurnir gegna mikilvægu hlutverki í umönnun ungviðisins.
**21.00 Sætt og gott - jól** Danskir þættir um kökubakstur og eftirréttagerð. Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**21.10 Aðferð Modus II**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Frá Vínarborg til Macao VPO Special Concert 2019** Upptaka frá tónleikum Fílharmóníusveitar Vínarborgar sem haldnir voru í Menningarmiðstöðinni í Makaá í október. Flutt eru verk eftir Sergei Rachmaninov, Antonín Dvorák og Josef Strauss. Einleikari á tónleikunum er píanóleikarinn Yuja Wang. Stjórnandi: Andrés Orozco-Estrada.
**00.35 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 QBE Shootout** Útsending frá QBE Shootout á PGAmótaröðinni.
**12.00 Presidents Cup** Útsending frá Presidents Cup 2019.
**17.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**17.55 QBE Shootout**
**21.55 CME Group Tour Championship** Útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA mótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 The Neighborhood**
**14.15 Jane the Virgin**
**15.00 Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Speechless**
**19.45 Superstore**
**20.10 Bluff City Law**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.50 Blue Bloods**
**22.35 Stella Blómkvist - Morðið í stjórnarráðinu**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 FBI**
**02.20 Evil**
**03.05 Cloak and Dagger**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur Nútíma gospel tónlist**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Til allra átta**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Bær verður til. Þroskasaga bæjar og barna**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hátalarinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkavikan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu. Jólatónleikar frá Búlgaríu og Bretlandi**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Hús úr húsi**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Dear Dumb Diary**
**13.40 Surf's Up 2. WaveMania**
**15.05 Robot and Frank**
**16.35 Dear Dumb Diary**
**18.05 Surf's Up 2. WaveMania**
**19.30 Robot and Frank**
**21.00 Dragonheart**
**22.45 Lion**
**00.45 The Book of Henry**
**02.30 Dragonheart**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.25 Masterchef USA**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Goldbergs**
**09.45 Suits**
**10.25 Margra barna mæður**
**10.55 Landnemarnir**
**11.30 Gulli byggir**
**12.05 Eldhúsið hans Eyþórs**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**13.45 So You Think You Can Dance**
**14.30 So You Think You Can Dance**
**15.15 Grand Designs. The Street**
**16.05 Mom**
**16.30 Friends**
**16.55 Jólaboð Jóa**
**17.43 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Aðventumolar Árna í Árdal** Ómissandi aðventuþættir með Árna Ólafi úr Hinu blómlega búi. Hér mun hann koma öllum í rétta hátíðarskapið og reiða fram einn rétt á dag fram að jólum. Með einskærri lífsgleði og eldmóð hefur Árni sérstakan hæfileika til að hrífa fólk með sér.
**19.20 Grand Designs**
**20.10 Charming Christmas**
**21.35 Watchmen**
**22.30 60 Minutes**
**23.15 Seinfeld**
**23.35 Seinfeld**
**00.00 Blinded**
**01.00 His Dark Materials**
**02.05 Absentia**
**02.50 Boardwalk Empire**
**03.50 Boardwalk Empire**
**04.50 Boardwalk Empire**

### STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Modern Family**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Slicon Valley**
**21.20 American Horror Story 8. Apocalypse**
**22.00 Who Do You Think You Are?**
**22.45 The Third Eye**
**23.30 Flash**
**00.15 Veep**
**00.50 Kevin Can Wait**
**01.15 Modern Family**
**01.40 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.25 Atletico Madrid - Osasuna**
**09.05 Fiorentina - Inter**
**10.45 NFL** Útsending frá leik í NFL.
**13.05 NFL** Útsending frá leik í NFL.
**15.25 Sevilla - Villarreal**
**17.05 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**17.35 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**18.05 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.00 Selfoss - Valur** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
**20.30 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís deildarinnar.
**22.00 UFC 245. Usman vs. Covington**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**19.00 HM í pílukasti** Bein útsending frá Heimsmeistaramótinu í pílukasti.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Gleðilegan rjóma

Gott í matinn

Góðar hugmyndir
að jólauppskriftum
á **gottimatinn.is**

# Töffarinn Stewart toppar ellismellina

Rod Stewart náði að toppa sig eina ferðina enn um helgina þegar hann varð elsti tónlistarmaðurinn til að ná þeim árangri að eiga plötu í fyrsta sæti á sölulista í Bretlandi. Hann er þó áratugum á eftir elstu tónlistarkonunni. Platan You're In My Heart, sem Rod Stewart sendi frá sér í lok nóvember, er sú tíunda sem hann kemur á topp sölulista í Bretlandi. Stewart er tæplega 75 ára en á þó enn langt í land með að ná elstu tónlistarkonunni, Dame Vera Lynn, sem trónaði á toppi listans 97 ára gömul.

Þrátt fyrir aldurinn er Stewart vel í takt við tímann og notaði Twitter til þess að þakka dyggum aðdáendum sínum veittan stuðning. Þá nýtti hann einnig tækifærið til að óska Boris Johnson til hamingju með árangur Íhaldsflokksins breska í þingkosningunum.

Stewart stóð í sínu stappi mun tæpar en Johnson í pólitíkinni þar sem ekki munaði nema 750 seldum eintökum á plötu hans og plötum þeirra sem komu á hæla honum. Robbie Williams, annars vegar, og fornfræga hljómsveitin The Who hins vegar.

Stewart er aðeins þremur mánuðum eldri en söngvarinn Paul Simon, forveri hans sem mátti gefa þetta toppsæti í öldungadeildinni eftir á laugardaginn. Sem fyrr segir er árangur Rods ekkert sérlega tilkomumikill þegar horft er til kvennadeildarinnar en ótrúlegt metið þar á Dame Vera Lynn sem átti, 97 ára gömul, söluhæstu plötuna í eina viku árið 2014.

Stewart fagnaði með rámu tísti og kinkaði kolli til forsætisráðherrans í leiðinni: „Ég vil enn einu sinni þakka ykkur, hersveitum aðdáenda minna sem ég mun aldrei taka sem sjálfsögðum hlut. Guð blessi ykkur öll og gleðileg jól," sagði hann á Twitter. „Vel gert, Robbie, vel gert, Boris, og ekki vera sár, Pete Townshend!"

Á nýju plötunni, You're In My Heart, flytur Rod, ásamt sinfóníuhljómsveit, marga af sínum dáðu gömlu slögurum í nýjum útsetningum fyrir strengjasveit. Þar á meðal Sailing og I Don't Want to Talk About it. **– ókp**

**Roddarinn heldur sér vel eins og hann sýndi heldur betur þegar hann mætti í fyrra ásamt Penny Lancaster á Tinu Turner söngleikinn Tina.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Adam Driver og Scarlett Johansson eru stórgóð í hlutverkum sínum sem hjónin Charlie og Nicole.**

# Þegar ástin ein getur engu bjargað

KVIKMYNDIR

**Marriage Story**

★★★★½

**Leikstjórn:** Noah Baumbach
**Aðalhlutverk:** Adam Driver, Scarlett Johansson, Laura Dern, Alan Alda, Ray Liotta

Leikstjórinn Noah Baumbach fjallar í sinni nýjustu mynd, Marriage Story, á ljúfsáran hátt um hjónaskilnað þannig að margir geta eflaust tengt við umfjöllunarefnið þar sem það er algengara en ekki að fólk lendi í því á lífsleiðinni að þurfa að segja skilið við manneskju sem er þeim mikilvæg, maka eða vin.

Myndin hefst þar sem Charlie (Adam Driver) og Nicole (Scarlett Johansson) lýsa öllum jákvæðustu eiginleikum maka síns þannig að strax í upphafi draga persónurnar upp ákveðna mynd hvor af annarri fyrir áhorfandann.

Í þessu upphafsatriði þegar þau keppast við að lofa hvort annað er ekki annað að sjá en að á ferðinni sé hamingjusamt par í fullkomnu sambandi. Annað kemur svo á daginn þegar Nicole bendir á að stundum er ekki nóg að elska viðkomandi og sambönd þrífist ekki á ástinni einni saman.

Nicole, sem var eitt sinn þekkt ungstirni í Hollywood, gaf ferilinn og allt sem frægðinni fylgdi upp á bátinn til þess að vera með hinum sjálfmiðaða leikhúsleikstjóra Charlie í New York.

### Saga um sögur

Marriage Story er eins og nafnið gefur til kynna hjónabandssaga og er í raun saga um sögur. Saga skilnaðar hjónanna sögð frá sjónarhóli þeirra beggja sem bæði fást við leiklist, sviðsetningar og að segja sögur með ýmsu móti.

Charlie er leikstjóri sem stjórnar og leikstýrir öllu eftir eigin höfði þótt honum takist ekki að hafa stjórn á sínu eigin lífi og Nicole er leikkona sem býr yfir þeim hæfileika að geta falið tilfinningar sínar á bak við ýmsar grímur.

Áhorfandinn á síðan sína fulltrúa, sem ljá honum eyra og augu, í myndinni en við fylgjumst oftar en ekki með fólkinu í kringum hjónin fylgjast með þeim í stellingum áhorfandans.

**Leikarar myndarinnar ásamt Noah Baumbach leikstjóra.** NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta fólk tekur virkan þátt í skilnaðinum, ræðir aðstæður hjónanna, dregur sínar ályktanir og segir um leið sögur af sjálfu sér. Enda er voða auðvelt að vera með skoðanir og meiningar þegar maður er ekki sjálfur í hinum flóknu og erfiðu aðstæðum.

Því fylgir ákveðið ábyrgðarlaust frelsi að geta í raun hegðað sér eins og lögmaður beggja á víxl. Berjast af hörku fyrir skjólstæðing sinn í fundarherbergjum og dómsal en geta svo tekið pásu utan réttarins, slegið á létta strengi og rætt hversdagsleg vandamál eins og hvað eigi að fá sér í hádegismat á meðan líf hjónanna, sem sitja álengdar, er að hrynja til grunna.

### Leikur að andstæðum

Það eru ekki aðeins Nicole og Charlie sem takast á í Marriage Story sem hverfist um átök andstæðna og á takast leikur og raunveruleiki, austur og vestur, grátur og hlátur. Þá leikur Baumbach sér með hefðbundin kynjahlutverk og staðalmyndir sem snúið er á haus.

Þannig er Charlie til dæmis í upphafi kynntur til leiks að margt í fari hans, gildi og eiginleikar, hefur alla jafna verið tengt kvenleika. Hann er einstaklega þrifinn og snyrtilegur, elskar foreldrahlutverkið með öllum kostum þess og göllum. Hann er umhverfisvænn og meðvitaður, óaðfinnanlegur til fara og fram úr hófi skipulagður. Hann er allt sem Nicole er ekki en ekkert af þessu skiptir máli í raun og veru vegna þess að bæði eru góðir foreldrar, eins og þau eru, og elska soninn Henry af öllu hjarta.

Þótt skilnaðarsagan sé hvorki harmleikur né kómedía þá má segja að hún sé Shakespeare-ísk, sígild saga og sammannleg. Tímalaus saga um tilfinningar, gildismat og átök sem fólk hefur þurft að glíma við í gegnum gervalla sögu mannkyns og mennskunnar.

Marriage Story er því í eðli sínu mynd sem ristir djúpt og hefur langvarandi áhrif á áhorfendur og vonandi umhverfi hans. Baumbach tekst hér einstaklega vel að sýna, túlka og útfæra þær tilfinningar og þau innri og ytri átök sem gjarnan springa út þegar leiðir nátengdra einstaklinga skilja. Þegar að því kemur skiptir ástin nefnilega ekki mestu máli heldur miklu frekar hver og hvernig manneskjan er. Hvernig og yfirleitt hvort hún hafi þroskast og dregið lærdóm af sögu sinni og sambandsins sem þá hangir svo tæpt á bláþræði og jafnvel þótt enn lifi glæður í ástinni þá bjargar hún engu. **Edda Karítas Baldursdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifarík og ágeng mynd um tilfinningar og aðstæður sem fæstir komast hjá því að takast á við. Saga um sögur sem er sögð af innsæi og næmi þannig að hún lifir lengi með manni.

# FISKIBOLLUR

## 2 FYRIR 1

KAUPIR 1 KG FÆRÐ 2 KG.

Bleikjuflök
frá Svenna í
Vatnsfirði

EKTA

## SKATA

990 kr./kg

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR




Frá mér
Til mín

## HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1

SÍMI 7772000

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Fyrir þínar bestu stundir

Skemmtilegar Múmíngjafavörur

15% AFSLÁTTUR

Allar Múmín gjafavörur með 15% jólaafslætti

Múmín púði 50x50 cm.
Fjólublár eða blár.
**Fullt verð: 5.900 kr.**
JÓLATILBOÐ: 5.015 kr.

MÚMÍN SÆNGURFÖT

Múmín rúmfötin samanstanda af sængurveri og koddaveri sem bæði eru með rennilás. Þau eru úr 100% lífrænni bómull og fást í 3 litum, græn, grá og gul.

Múmín rúmföt.
**Fullt verð: 9.900 kr.**
JÓLATILBOÐ: 8.415 kr.

Múmín púðaver 50x30 cm
**Fullt verð: 4.900 kr.**
JÓLATILBOÐ: 4.165 kr.

Múmín snyrtitaska, minni, gráblá.
**Fullt verð: 3.900 kr.**
JÓLATILBOÐ: 3.315 kr.

Múmín snyrtitaska, stærri.
**Fullt verð: 6.900 kr.**
JÓLATILBOÐ: 5.865 kr.

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast

Katrína minnir á að það sé best að velja einfaldlega þá liti sem ýta undir fegurð hvers og eins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Elskaðu hrukkurnar

**Katrína Kristel Tönyudóttir**, förðunarfræðingur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, segir mikilvægt að huga að raka húðarinnar þegar kalt er í veðri. Hún gefur góð ráð fyrir jóla- og áramótaförðunina.

Förðun er mjög persónubundin, aðalatriðið er að þér líki hún og að hún dragi það besta fram í andliti þínu og augun njóti sín," segir Katrína Kristel Tönyudóttir förðunarfræðingur þegar hún er beðin um að spá í tískuna í förðun fyrir jól og áramót.

*Hvaða vörur myndir þú draga fram svona til hátíðarbrigða?*

„Það fer eftir því í hverju þú ætlar að vera og hvaða stíll hentar þér. Ef þú vilt ná því besta fram og geisla mæli ég með Météorites Highlighter Dou frá Guerlain og nýju varalitunum frá MAC Cosmetics, Kiss of Stars. Þeir eru einstakir og virkilega fallegir. Einnig er mikið til af fallegum augnskuggum og glitri frá Smashbox og Becca.

Ef þú aðhyllist klassískan stíl þá myndi ég mæla með því að leggja áherslu á rauðar varir. Guerlain My Rouge G Collection er einstaklega falleg.

Ein af mínum uppáhaldsförðunum er svokölluð nude-förðun. Þá verður þú að fylgja einni grunnreglu: því minni litur, því betra. Þá eru notaðir nokkrir einfaldir grunnlitir í bleikum, brúnum eða ferskjulitum tónum. Það þarf að nota farða sem er nálægt þínum húðlit. Góður grunnur og farði er lykilatriði þegar kemur að þessari förðun. Notið kinnalit til að gefa ferskt útlit, uppáhaldskinnalitirnir mínir eru frá Bobbi Brown. Það eina sem má nota í meira magni er maskarinn. Notið góðan og þéttan maskara. Minn uppáhaldsmaskari er Le Volume De Chanel."

*Hvaða húðvörum mælir þú með?*

„Ég mæli eindregið með því að bera á húðina gott rakagefandi krem og farðagrunn. Til dæmis Vitamin Enriched Face Base frá Bobbi Brown sem inniheldur C- og E-vítamín," segir Katrína og segir að það sé betra að gefa kreminu góðan tíma til að virka. „Leyfið kreminu að fara vel inn í húðina, ekki flýta ykkur á morgnana, notið tímann á meðan kremið er að virka og fáið ykkur glas af vatni með sítrónu."

*Hver er uppáhaldsfarðinn þinn á veturna?*

„Þegar þú hefur nært húðina vel þá er hægt að bera á farða. Ég á nokkrar uppáhaldstegundir sem ég skiptist á að nota. Til dæmis, Touch Eclat Foundation frá Yves Saint Laurent, Bobbi Brown Skin Long Wear Weightless Foundation og Foundation Stick Terracotta Skin frá Guerlain sem gefur endingargott og heilbrigt útlit eins og maður hafi verið í sólinni í smástund. Sú vara er virkilega handhæg og ein af þeim sem er gott að hafa í handtöskunni."

**Náttúruleg förðun með kinnalit og augnskugga úr smiðju Chanel.**

**Náttúruleg förðun byggist á því að nota liti sem ýta undir náttúrulega fegurð. Mildir brúnir og bleikir tónar og fínlega notaður augnlínupenni gefur sparilegt útlit.**

*Hvaða húðvörum mælir þú með?*

„Þegar það er kalt úti og vindasamt er mjög mikilvægt að verja húð, varir og hendur þurrki. Ég mæli með því að búa til varaskrúbb úr hunangi og stevíu. Hann hjálpar til við að næra og mýkja varirnar. Þá mæli ég með að fylgja eftir með vöru sem dregur úr þurrklínum í vörum, gerir þær fyllri og unglegri, Sensai Cellular Performance Total Lip Treatment."

Katrína notar einnig andlitsmaska og mælir sérstaklega með möskum frá Chanel. Le Lift Night Mask og Hydra Beauty Mask.

„Ég er mikill aðdáandi Chanel, Yves Saint Laurent, Bobbi Brown, Guerlain, Lancôme og Dior. Einnig finnst mér mjög spennandi að lesa og skoða tímarit eins og Vikuna, Munaluchi Brides Magazine, Vogue, og Elle. En við skulum ekki gleyma því að þetta er allt mjög „glamúr" og ég mæli eindregið með því að bera sig ekki saman við fyrirsætur heldur vera ánægð með þig eins og þú ert. Elskaðu hrukkurnar þínar, þær eru hluti af persónuleika þínum."

**kristjana@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördis Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# ÓDÝRARI JÓLALESTUR!

# SÍÐASTI DAGURINN Í DAG!

## FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF

# ÖLLUM BÓKUM & TÍMARITUM

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðið gildir í dag, 16. desember og gildir ekki með öðrum tilboðum. 5% vildarafsláttur bætist ekki ofan á önnur tilboð.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur


## Jólin koma

Jólin koma ekki fyrr en búið er að þrífa hátt og lágt, taka skápana í gegn, baka sjö sortir af smákökum, hræra í jólaísinn, hrinda af stað gjafaflóði, skreyta með 17 seríum, koma jólaskrauti í öll herbergi, senda jólakveðjur, grennast um fimm kíló og finna rétta dressið.

Þetta er nokkurn veginn uppskriftin að jólunum sem ég ólst upp við. Ég man samt aldrei eftir að mamma hafi verið stressuð. Hún vann hlutastarf og einhvern veginn tókst henni að komast yfir þetta allt saman.

Svo varð ég móðir og ætlaði að endurtaka leikinn. En ég tók andköf þegar ég sá að ég myndi ekki ná að hrista fram nema eina sort og það var enn mylsna í hnífaparaskúffunni! Jólaklippingunni fyrir synina var reddað á aðfangadagsmorgni þar sem hægt var að mæta án þess að eiga bókaðan tíma en fara þess í stað í biðröð. Við vorum númer 23 í röðinni og ég kláraði jólainnkaupin í Bónus á meðan við biðum. Þarna var ég í 150% vinnu og maðurinn minn álíka upptekinn enda vorum við að koma undir okkur fótunum.

Mér fannst ég vera að svíkja synina um alvöru jól!

Ein jólin gleymdi ég að láta synina velja jólagjafir hvern handa öðrum og pabba sínum. Á ögurstundu fékk ég þá til að útbúa jólakort með samverustundum til að gefa. Gjafirnar voru innleystar í jólafríinu og við fórum í sund, fjallgöngu, á skíði og spiluðum. Þrátt fyrir skort á undirbúningi reyndust þetta vera ein eftirminnilegustu jólin, enda sýna rannsóknir að upplifun gefur meiri hamingju en veraldlegir hlutir.

Nú hef ég lært að jólin koma þó svo að tærnar á mér komist ekki þangað sem eldri kynslóðin hafði hælana. Enda snúast jólin fyrst og fremst um að minnast þess góða með fjölskyldu og vinum.

Gleðileg jól!